# Lífeyrissjóður bankamanna

Ársreikningur 2000

Lífeyrissjóður bankamanna
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

kt. 510169-4259

# Lífeyrissjóður bankamanna

## Ársreikningur 2000

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda ................................................................ | 2 |
| Skýrsla stjórnar ........................................................................ | 3-4 |
| Áritun stjórnar .......................................................................... | 5 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2000 ...... | 6 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2000 ...................................... | 7 |
| Sjóðstreymi ............................................................................... | 8 |
| Skýringar .................................................................................. | 9-16 |
| Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign .......................... | 17 |
| Deildaskiptur efnahagsreikningur ............................................... | 18 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bankamanna

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna. fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag Lífeyrissjóðs bankamanna í árslok 2000 og breytingum á fjárhagslegri skipan hans á því ári, í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 21. mars 2001

**Deloitte & Touche hf.**

Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi

Ársreikning þennan fyrir Lífeyrissjóð bankamanna höfum við, kjörnir skoðunarmenn, yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og er hann í samræmi við þær.

Reykjavík, 21. mars 2001

| Gunnlaugur Arnórsson | Þorsteinn Egilsson |
|---|---|

# Ársskýrsla stjórnar

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð á árinu 2000: Arnór Sighvatsson, Friðbert Traustason og Haukur Þór Haraldsson kjörnir á fundi sjóðfélaga svo og Helgi S. Guðmundsson tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands hf., Yngvi Örn Kristinsson tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Haukur Helgason tilnefndur af aðildafyrirtækjum sjóðsins. Framan af árinu gengdi Yngvi starfi formanns og Haukur Þór starfi varaformanns en á fundi stjórnar 6. desember tók Haukur Þór við formennsku er Yngvi lét af störfum í stjórninni.

Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri og Svana M. Símonardóttir fulltrúi.

Í árslok greiddi sjóðurinn 410 aðilum lífeyri, þar af 402 úr Hlutfallsdeild. Voru lífeyrisgreiðslur ársins kr. 437.516 þúsund úr Hlutfallsdeild en 11.485 þúsund úr Stigadeild. Á árinu 1999 voru lífeyrisgreiðslur alls kr. 389.390 þúsund og er aukningin því 15,31%.

Í árlok greiddu 1971 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 822 í Hlutfallsdeild og 1.149 í Stigadeild. Í árslok 1999 greiddu 1857 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og hefur sjóðfélögum því fjölgað um 114 á árinu.

## Lán til sjóðfélaga á árinu.

Á árinu voru samþykktar alls 164 lánveitingar til sjóðfélaga, alls að fjárhæð kr. 293.149 þúsund. Meðalfjárhæð lána var því kr. 1.787 þúsund, en var á árinu 1999 kr. 1.466 þúsund.

Hámarkslánsfjárhæð er nú kr. 4 milljónir eftir fjögurra ára starf. Vextir fylgja ávöxtunarkröfu húsbréfa með 0,1% álagi og breytast þeir mánaðarlega.

## Fjárvörslusamningar.

Þann 1. september 1998 var gerður samningur við Landsbréf hf. og Búnaðarbanka Verðbréf um fjárvörslu, en samningar þessir voru gerðir í framhaldi af útboði sem stjórnin efndi til. Í árslok nam heildareign sjóðsins í fjárvörslu hjá ofangreindum aðilum kr. 14.906,2 milljónum, eða sem nemur 84,70% af hreinni eign í árslok. Í árslok 1999 nam heildareign í fjárvörslu kr. 13.870,9 milljónum, eða 80,87% af hreinni eign. Ávöxtun fjárvörslu var ekki í samræmi við væntingar á árinu sem rekja má til óhagstæðra aðstæðna á fjármagnsmarkaði. Meðaltal raunávöxtunar eigna í fjárvörslu var neikvæð um 3,67% á árinu 2000 en á árinu 1999 var hún jákvæð um 10,1%. Á árinu var lokið við endurskoðun á fjárfestingastefnu sjóðsins og lauk þeirri vinnu í ársbyrjun 2000 og tók ný fjárfestingastefna gildi þann 1. febrúar 2000.

## Staða sjóðsins.

Í lok ársins voru heildareignir Lífeyrissjóðs bankamanna kr. 17.598.639 þúsund sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru eignir alls kr. 15.100.596 þúsund, eða 85,81% og í Stigadeild kr. 2.498.043 þúsund eða 14,19%.

Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðað við 31. desember 2000. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru áfallnar skuldbindingar í Hlutfallsdeild kr. 14.887,3 milljónir en í Stigadeild kr. 2.655,5 milljónir. Alls er því um að ræða 17.542,8 milljónir.

## Önnur mál.

Ýmis önnur mál voru til umfjöllunar hjá stjórn sjóðsins, en hún hélt 10 bókaða fundi á árinu. Svo sem fyrr var getið var gerður viðauki við fjárvörslusamninga þar sem fjárfestingastefnu sjóðsins var breytt. Jafnframt er í undirbúningi að taka upp mismunandi fjárfestingastefnu fyrir deildir sjóðsins.

Á árinu var samþykkt aðild Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs Hólahrepps og starfsmanna þessara sparisjóða að Stigadeild sjóðsins en áður hafði Búnaðarbanka Íslands og starfsmönnum hans verið veitt aðild að deildinni.

Á árinu voru kveðnir upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómar í tveimur málum sem höfðuð voru gegn sjóðnum og voru þeir síðan staðfestir í Hæstarétti. Samkvæmt dómum þessum skal eftirlaunahlutfall þeirra er eiga geymd réttindi vera samkvæmt núgildandi samþykktum sjóðsins en ekki samkvæmt þeim samþykktum sem í gildi voru er þeir létu af störfum. Jafnframt fólst í öðrum dómnum viðurkenning á að lögmæt sé viðmiðun við laun eftirmanns þeirra sem hættir voru störfum fyrir 1. janúar 1998, eins og þau laun voru í desember 1997, verðtryggð með vísitölu neysluverðs frá þeim tíma.

Unnið var að breytingum á samþykktum sjóðsins í samræmi við það sem samþykkt var á seinasta sjóðfélagafundi og unnið að tillögugerð fyrir næsta sjóðfélagafund. Á árinu var unnið að stækkun á húsnæði sjóðsins jafnframt því sem tekin var í notkun ný símstöð.

Sjóðurinn hefur aðsetur að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, sími 569 0900, símbréf 560 0909, netfang svana@lifbank.is, veffang er www.lifbank.is. Skuldabréf sjóðsins eru til afgreiðslu í útlánadeild Landsbanka Íslands hf. við Austurstræti.

# Áritun stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta ársreikning fyrir árið 2000 með undirritun sinni:

Reykjavík, 21. mars 2001

Haukur Þór Haraldsson

Arnór Sighvatsson

Ingvar A. Sigfússon

Haukur Helgason

Friðbert Traustason

Helgi S. Guðmundsson

Sigtryggur Jónsson,
framkvæmdastjóri

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2000

| | Skýr. | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 196.536.780 | 172.208.815 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 459.369.498 | 428.075.009 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (5.880.347) | 717.851.899 |
| | | 650.025.931 | 1.318.135.723 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 449.000.636 | 391.030.294 |
| | | 449.000.636 | 391.030.294 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 23.399.945 | 1.742.116.395 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 244.641.169 | 279.501.039 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | | (711.388.949) | (856.489.934) |
| | | (443.347.835) | 1.165.127.500 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 4.005.967 | 3.391.595 |
| Önnur fjárfestingargjöld | | 0 | 20.000.000 |
| | | 4.005.967 | 23.391.595 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 19.413.243 | 14.830.059 |
| | | 19.413.243 | 14.830.059 |
| Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar | | (265.741.750) | 2.054.011.276 |
| **Matsbreytingar** | | 711.453.739 | 856.560.157 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 445.711.989 | 2.910.571.433 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 17.152.927.466 | 14.242.356.033 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 17.598.639.455 | 17.152.927.466 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2000

| | Skýr. | 31.12.2000 | 31.12.1999 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2, 5-8 | 11.545.108.305 | 9.981.451.786 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2,9 | 3.862.869.425 | 5.054.260.273 |
| Veðlán | 2, 10 | 1.589.150.522 | 1.369.209.900 |
| **Fjárfestingar** | | 16.997.128.252 | 16.404.921.959 |
| **Kröfur** | | | |
| Aðrar kröfur | | 0 | 2.255.038 |
| **Kröfur** | | 0 | 2.255.038 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 2,4 | 1.872.245 | 1.441.479 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 599.638.958 | 774.859.136 |
| **Aðrar eignir** | | 601.511.203 | 776.300.615 |
| **Eignir** | | 17.598.639.455 | 17.183.477.612 |
| **Skuldir** | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 0 | 30.550.146 |
| | | 0 | 30.550.146 |
| **Skuldir** | | 0 | 30.550.146 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | | 17.598.639.455 | 17.152.927.466 |
| **Greining á hreinni eign á deildir** | | | |
| Hlutfallsdeild | | 15.100.596.418 | 14.998.677.826 |
| Stigadeild | | 2.498.043.037 | 2.154.249.640 |
| | | 17.598.639.455 | 17.152.927.466 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2000

| | 2000 | 1999 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 650.025.931 | 600.283.824 |
| Fjárfestingartekjur | 207.294.683 | 817.350.988 |
| Afborganir verðbréfa | 223.058.532 | 255.189.950 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 1.871.704.409 | 5.000.930.691 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 1.468.989.442 | 1.673.782.236 |
| Aðrar inngreiðslur | 0 | 734.322.828 |
| **Inngreiðslur** | 4.421.072.997 | 9.081.860.517 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 449.000.636 | 391.030.294 |
| Fjárfestingargjöld | 4.005.967 | 23.391.595 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 19.105.762 | 14.612.279 |
| Aðrar útgreiðslur | 31.223.603 | 627.268 |
| **Útgreiðslur** | 503.335.969 | 429.661.436 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 3.917.737.028 | 8.652.199.081 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 3.605.878.556 | 7.323.038.537 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 194.622.650 | 1.534.427.535 |
| Ný veðlán og útlán | 292.456.000 | 165.166.000 |
| **Ráðstöfun alls** | 4.092.957.206 | 9.022.632.072 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | (175.220.178) | (370.432.991) |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 774.859.136 | 1.145.292.127 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 599.638.958 | 774.859.136 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Stigadeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki.

Hlutfallsdeild:

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Að öðru leyti eru réttindi óháð aldri sjóðfélaga. Tryggingafræðileg úttekt getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Stigadeild:

Nýir starfsmenn aðildarfyrirtækja greiða iðgjöld til Stigadeildar. Réttindi til lífeyris ráðast af innkomnum iðgjöldum og eru óháð aldri sjóðfélaga. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 67 ára aldur. Á sama hátt og í Hlutfallsdeild getur tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Stigadeild var stofnuð 1. janúar 1998 og er hún fjárhagslega aðskilin frá Hlutfallsdeild. Fjárhæðir í ársreikningi sýna heildartölur fyrir báðar deildir.

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem var 4,18%. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr.711.453.739. Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til loka reikningsársins og er breytingin færð á viðkomandi eignaliði. Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga eru færð á matsbreytingar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

# Skýringar

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Lífeyrir

3. Lífeyrir greinist þannig:

| | Hlutfalls-deild | Stiga-deild | Samtals | 1999 |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 342.691.038 | 8.551.084 | 351.242.122 | 305.657.325 |
| Örorkulífeyrir | 30.063.807 | 2.303.851 | 32.367.658 | 27.413.878 |
| Makalífeyrir | 63.639.004 | 553.804 | 64.192.808 | 56.669.281 |
| Barnalífeyrir | 418.890 | 76.160 | 495.050 | 504.604 |
| Dánarbætur | 702.998 | 0 | 702.998 | 785.206 |
| | 437.515.737 | 11.484.899 | 449.000.636 | 391.030.294 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Innréttingar, áhöld og tæki |
|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 1.919.324 |
| Afskrifað áður | (477.845) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.441.479 |
| Endurmat á árinu | 70.334 |
| Viðbót á árinu | 673.457 |
| Afskrifað á árinu | (313.025) |
| Bókfært verð í árslok | 1.872.245 |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af framreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

# Skýringar

## Verðbréf með breytilegum tekjum

5. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 160.016.510 |
| Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum | 30.822.225 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 8.330.219.192 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 3.024.050.378 |
| | 11.545.108.305 |

6. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skráð félög: | | | |
| Íslandsbanki FBA hf. | 0,05% | 5.438.738 | 22.570.763 |
| Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. | 0,56% | 2.814.991 | 22.519.928 |
| Húsasmiðjan hf. | 0,00% | 5.140 | 95.604 |
| Össur hf. | 0,00% | 3.542 | 233.772 |
| Skýrr hf. | 0,00% | 9.954 | 139.356 |
| Landsbanki Íslands hf. | 0,39% | 26.941.837 | 92.702.624 |
| Nýherji hf. | 0,15% | 388.301 | 5.436.214 |
| Búnaðarbanki Íslands hf. | 0,00% | 18.760 | 89.110 |
| | | | 143.787.371 |
| Óskráð félög: | | | |
| Íslandssími hf. | | 920.774 | 10.128.512 |
| X-18 hf. | | 615.385 | 6.000.004 |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing | | 100.623 | 100.623 |
| | | | 16.229.139 |
| Eignarhlutar í innlendum félögum alls | | | 160.016.510 |

Eignarhlutar sjóðsins í óskráðum félögum eru metnir þannig: Eignarhlutar í X-18 hf. og Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaþing er metinn á kaupverði. Eignarhlutur í Íslandssíma hf. er metinn á áætluðu markaðsverði sem er lægra en framreiknað kaupverð.

7. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

| | Hlutdeild | Hlutir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Decode | Óveruleg | 35.000 | 30.822.225 |
| Eignarhlutar í erlendum félögum alls | | | 30.822.225 |
| Hlutabréfaeign alls | | | 190.838.735 |

# Skýringar

8. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | |
|---|---|
| Landsbréf - Markaðsbréf 1 | 145.325.825 |
| Landsbréf - Markaðsbréf 2 | 345.031.763 |
| Landsbréf - Markaðsbréf 3 | 339.588.927 |
| Landsbréf - Markaðsbréf 4 | 4.170.505.433 |
| Landsbréf - Peningabréf | 459.510.785 |
| Búnaðarbanki - Veltubréf | 75.353.295 |
| Búnaðarbanki - Hávaxtabréf | 164.665.322 |
| Búnaðarbanki - Eignarskattsfrjáls bréf | 477.059.267 |
| Búnaðarbanki - Langtímabréf | 787.975.261 |
| | 6.965.015.878 |

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | |
|---|---|
| ÍS-15 | 651.339.308 |
| Úrvalsbréf | 713.864.006 |
| | 1.365.203.314 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum alls | 8.330.219.192 |

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | |
|---|---|
| Alliance International Health Care | 22.769.295 |
| Alliance American Growth | 49.214.291 |
| Str. Investment Technology | 15.727.533 |
| Asian Technology | 16.052.638 |
| Asian Equity | 17.624.565 |
| European Tech | 29.798.308 |
| European Equity | 43.526.481 |
| European Opportiunities Fund | 7.315.002 |
| European Gr. Portfolio | 43.837.856 |
| Fortuna 3 | 530.951.667 |
| International Thechnology Fund | 26.733.851 |
| US Smaller Companies portfolio | 20.587.076 |
| Alþjóða hlutabréfasjóður B.Í. | 1.384.712.560 |
| Framsækinn Alþjóða hlutabréfasjóður B.Í. | 161.480.676 |
| Internetssjóður B.Í. | 25.712.270 |
| | 2.396.044.069 |

Erlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | |
|---|---|
| L.Í. 10/10 2003 | 40.047.568 |
| Alþjóða skuldabréfasjóður BÍ | 587.958.741 |
| | 628.006.309 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum alls | 3.024.050.378 |
| Hlutdeildarskírteini alls | 11.354.269.570 |

# Skýringar

## Verðbréf með föstum tekjum

9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

| | |
|---|---|
| Skuldabréf Húsnæðisstofnunar | 654.966.457 |
| Húsbréf | 709.595.833 |
| Húsnæðisbréf | 105.623.100 |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 137.509.600 |
| Markaðsskuldabréf ríkissjóðs í breskum pundum | 53.321.387 |
| | 1.661.016.377 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 8.936.580 |
| Skuldabréf lánastofnana | 2.139.750.207 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 53.166.261 |
| Verðbréf með föstum tekjum alls | 3.862.869.425 |

## Veðlán

10. Veðlán greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuldabréf sjóðfélaga | 1.589.150.522 |
| | 1.589.150.522 |

Vanskil sjóðfélagaléna eru óveruleg í árslok og í ljósi reynslu undangenginna ára er ekki talin ástæða til að færa framlag í afskriftareikning..

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

11. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 8.521.057.927 | 3.024.050.378 | 11.545.108.305 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 3.809.548.038 | 53.321.387 | 3.862.869.425 |
| Veðlán | 1.589.150.522 | | 1.589.150.522 |
| | 13.919.756.487 | 3.077.371.765 | 16.997.128.252 |
| Hlutfallsleg skipting | 82% | 18% | 100% |

Skipting fjárfestinga eftir erlendum gjaldmiðlum:

| | Verðbréf m/ breytil. tekjum | Verðbréf m/ föstum tekjum | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Í GBP | 0 | 53.321.387 | 1,7% |
| Í USD | 293.186.896 | | 9,5% |
| Í Evrum | 2.690.815.914 | | 87,4% |
| Bundið gengisvísitölum | 40.047.568 | | 1,3% |
| | 3.024.050.378 | 53.321.387 | 100,0% |

# Skýringar

## Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

12. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins í verðbréfum er áætlað kr. 17.091 millj. en bókfært verð þeirra er 16.997 millj. kr. eða um 94 millj. kr. lægra en markaðsverð.

## Lífeyrisskuldbindingar

13. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2000 miðað við 3,5% ársvexti þá á sjóðurinn 1.689 milljónir króna umfram áfallnar skuldbindingar eða 11,3% í Hlutfallsdeild og 917 milljónir króna umfram áfallnar skuldbindingar eða 49,9% í Stigadeild. Eignir umfram heildarskuldbindingar í Hlutfallsdeild eru 81,4 milljónir króna eða 0,4% og eignir umfram heildarskuldbindingar í Stigadeild eru 94,5 milljónir króna eða 1,2%.

### Hlutfallsdeild

| | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris.......................................... | 15.100,6 | | 15.100,6 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun............................................... | 1.559,8 | | 1.559,8 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda..................................... | (83,9) | | (83,9) |
| Núvirði framtíðariðgjalda................................................. | | 3.222,4 | 3.222,4 |
| | 16.576,5 | 3.222,4 | 19.798,9 |
| Skuldbindingar | | | |
| Ellilífeyrir ......................................................................... | 11.004,3 | 3.174,7 | 14.179,0 |
| Örorkulífeyrir.................................................................... | 697,0 | 330,6 | 1.027,6 |
| Makalífeyrir...................................................................... | 2.629,8 | 515,2 | 3.145,0 |
| Barnalífeyrir..................................................................... | 107,7 | ,0 | 107,7 |
| 95 ára regla....................................................................... | ,0 | 672,5 | 672,5 |
| Annað................................................................................ | 194,8 | ,0 | 194,8 |
| Rekstrarkostnaður ........................................................... | 253,7 | 137,2 | 390,9 |
| | 14.887,3 | 4.830,2 | 19.717,5 |
| Eignir umfram skuldbindingar ......................................... | 1.689,2 | (1.607,8) | 81,4 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum ........................................... | 11,3% | -33,3% | 0,4% |

# Skýringar

### Stigadeild

| | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris.......................................... | 2.498,0 | | 2.498,0 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun............................................... | 269,7 | | 269,7 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda..................................... | (13,0) | | (13,0) |
| Núvirði framtíðariðgjalda................................................. | | 5.436,3 | 5.436,3 |
| | 2.754,7 | 5.436,3 | 8.191,0 |
| Skuldbindingar | | | |
| Ellilífeyrir .......................................................................... | 1.482,1 | 5.115,7 | 6.597,8 |
| Örorkulífeyrir.................................................................... | 179,2 | 751,7 | 930,9 |
| Makalífeyrir....................................................................... | 90,6 | 269,1 | 359,7 |
| Barnalífeyrir...................................................................... | 2,4 | 69,8 | 72,2 |
| Annað................................................................................ | 74,9 | ,0 | 74,9 |
| Rekstrarkostnaður ........................................................... | 8,2 | 52,8 | 61,0 |
| | 1.837,4 | 6.259,1 | 8.096,5 |
| Eignir umfram skuldbindingar ......................................... | 917,3 | (822,8) | 94,5 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum ........................................... | 49,9% | -13,1% | 1,2% |

## Önnur mál

14. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 2000 | 1999 |
|---|---|---|
| Laun ........................................................................................................ | 12.169.806 | 10.874.304 |
| Launatengd gjöld ..................................................................................... | 2.434.826 | 2.143.954 |
| | 14.604.632 | 13.018.258 |

Starfsmenn sjóðsins voru 2 á árinu 2000. Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2000 námu 9,2 milljónum króna.

# Skýringar

## Kennitölur

15. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins

| | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun.......................... | (2,65%) | 7,46% | 6,30% | 5,50% | 5,40% |
| Meðaltal hreinnar raun-<br>ávöxtunar sl. 5 ár .......................... | 4,77% | 6,10% | 6,00% | 6,20% | 6,40% |
| Kostnaður í hlutfalli af eignum ..... | 0,11% | 0,09% | 0,13% | 0,21% | 0,18% |
| Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbr. með breytil. tekjum.. | 67,83% | 60,84% | | | |
| Skráð verðbr. með föstum tekjum.. | 9,91% | 15,03% | | | |
| Óskráð verðbr. með breytil. tekjum | 0,10% | 0,00% | | | |
| Óskráð verðbr. með föstum tekjum | 12,81% | 15,78% | | | |
| Veðlán ......................................... | 9,35% | 8,35% | | | |
| Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ........... | 81,89% | 86,03% | | | |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum ..... | 18,11% | 13,97% | | | |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga: | | | | | |
| Hlutfallsdeild................................. | 838 | 908 | 989 | 1.418 | 1.449 |
| Stigadeild...................................... | 1.054 | 730 | 454 | 0 | 0 |
| Fjöldi lífeyrisþega: | | | | | |
| Hlutfallsdeild................................. | 402 | 378 | 333 | 292 | 260 |
| Stigadeild...................................... | 8 | 4 | 2 | 0 | 0 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun ...................................... | 78,3% | 78,3% | 77,4% | 73,1% | 74,2% |
| Örorkulífeyrir ............................... | 7,2% | 7,0% | 6,2% | 6,8% | 6,6% |
| Makalífeyrir ................................. | 14,3% | 14,5% | 16,2% | 19,9% | 20,8% |
| Barnalífeyrir ................................. | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt: | | | | | |
| Hlutfallsdeild: | | | | | |
| Hrein eign umfram<br>heildarskuldbindingar ............ | 0,4% | 6,0% | 6,1% | | |
| Hrein eign umfram<br>áfallnar skuldbindingar .......... | 11,3% | 18,9% | 18,7% | | |
| Stigadeild: | | | | | |
| Hrein eign umfram<br>heildarskuldbindingar ............ | 1,2% | 2,4% | 1,9% | | |
| Hrein eign umfram<br>áfallnar skuldbindingar .......... | 49,9% | 58,6% | 74,4% | | |

# Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2000

| | Hlutfalls-deild | Stiga-deild | Samtals 2000 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga ................................ | 72.168.262 | 124.368.518 | 196.536.780 |
| Iðgjöld launagreiðenda .......................... | 271.751.546 | 187.617.952 | 459.369.498 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur ..... | (5.880.347) | 0 | (5.880.347) |
| | 338.039.461 | 311.986.470 | 650.025.931 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir ................................................. | 437.515.737 | 11.484.899 | 449.000.636 |
| | 437.515.737 | 11.484.899 | 449.000.636 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum .......................... | 19.072.201 | 4.327.744 | 23.399.945 |
| Vaxtatekjur og gengismunur ................. | 202.550.563 | 42.090.606 | 244.641.169 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga . | (616.153.255) | (95.235.694) | (711.388.949) |
| | (394.530.491) | (48.817.344) | (443.347.835) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ......... | 3.469.677 | 536.290 | 4.005.967 |
| | 3.469.677 | 536.290 | 4.005.967 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ......... | 16.814.336 | 2.598.907 | 19.413.243 |
| | 16.814.336 | 2.598.907 | 19.413.243 |
| Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr. .......... | (514.290.780) | 248.549.030 | (265.741.750) |
| **Matsbreytingar** .................................. | 616.209.372 | 95.244.367 | 711.453.739 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu .........** | 101.918.592 | 343.793.397 | 445.711.989 |
| **Hrein eign frá fyrra ári .......................** | 14.998.677.826 | 2.154.249.640 | 17.152.927.466 |
| **Hrein eign í árslok til gr. lífeyris .......** | 15.100.596.418 | 2.498.043.037 | 17.598.639.455 |

# Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2000

| | Hlutfalls-deild 31.12.2000 | Stiga-deild 31.12.2000 | Samtals 31.12.2000 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ..... | 9.973.277.719 | 1.571.830.586 | 11.545.108.305 |
| Verðbréf með föstum tekjum ............ | 3.375.345.866 | 487.523.559 | 3.862.869.425 |
| Veðlán ............................................. | 1.296.447.285 | 292.703.237 | 1.589.150.522 |
| **Fjárfestingar** | 14.645.070.870 | 2.352.057.382 | 16.997.128.252 |
| **Kröfur** | | | |
| Hlutfallsd/Stigad. viðskiptar. ............ | 10.355.771 | (10.355.771) | 0 |
| **Kröfur** | 10.355.771 | (10.355.771) | 0 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir . | 1.716.079 | 156.166 | 1.872.245 |
| Sjóður og veltiinnlán ......................... | 443.453.698 | 156.185.260 | 599.638.958 |
| **Aðrar eignir** | 445.169.777 | 156.341.426 | 601.511.203 |
| **Eignir** | 15.100.596.418 | 2.498.043.037 | 17.598.639.455 |
| **Skuldir** | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir .................................... | 0 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 0 |
| **Skuldir** | 0 | 0 | 0 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | 15.100.596.418 | 2.498.043.037 | 17.598.639.455 |